Fundargerð - Stjórn FRÍ

Fundur númer: 8. fundur stjórnar FRÍ 2026-2028
Fundartími: 30. september kl. 16.30-19.00
Staðsetning: Skrifstofa FRÍ
Fundarstjórn: Sveinn Margeirsson
Fundarritun: Rannveig Oddsdóttir
Fundarmæting:

Aðalstjórn: Sveinn Margeirsson (SM), Katrín Jakobsdóttir (KJ), Sonja Sif Jóhannsdóttir (SSJ), Rannveig Oddsdóttir (RO), Trausti Stefánsson (TS)

Varastjórn: Jón Örn Árnason (JÖÁ) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (HÓP)

Skrifstofa: Guðmundur Karlsson (GK), Íris Berg Bryde (ÍBB), Björg Gunnarsdóttir (BG), Kormákur Ari Halldórsson (KAH).

1. Stefnumótun FRÍ

Umræða um stefnu FRÍ. Undirbúið hafði verið efni fyrir fundinn og var horft sérstaklega til eftirfarandi áhersluatriða:

a) Innviðir
Þetta mál er ofarlega á dagskránni hjá stjórn og vinna þegar hafin. Verkefnið er komið í farveg en það þarf að halda áfram að ýta á eftir og vera í sambandi við alla sem hlut eiga að máli.

b) Afrek, útbreiðsla og vöxtur hreyfingarinnar
BG er búin að fara hringferð um landið. Heimsótti yfir 20 staði og hitti í heildina um 330 krakka. Hún ætlar að reyna að vera í sambandi við fólkið sem hún hefur hitt og styðja það í að koma af stað einhverju starfi. Stefnt er að því að hún taki annan hring 2027.
Bæta framboð af námskeiðum fyrir þjálfara og dómara og hvetja fólk sem er að starfa innan hreyfingarinnar til að sækja námskeið. Búið er að teikna upp tillögu að skipulagi fyrir námskeið sem þarf að ræða og vinna áfram.
Áfram þarf að vinna í því að ná hlaupahópunum inn í hreyfinguna og styðja við hlaupara og hlaupahald félaganna.
Framhaldsskólamót er í pípunum. Búið að ræða við félag framhaldsskólanema sem tók hugmyndinni vel, en eftir að útfæra frekar.

c) Fjármál
TS fór yfir stöðuna eins og hún er eftir fyrstu átta mánuði ársins.
Rætt um að koma “FRÍ klúbbnum” á kopp. Þannig að fólk sé í áskrift sem styrktaraðili. SSJ og TS taka áfram fyrir næsta fund.
GK er að vinna í því að endurnýja samninga við helstu styrktaraðila.

d) Alþjóðastarf
European Convention verður haldið á Ítalíu 23.-24. október í Lausanne. Frestur til að tilnefna fulltrúa er útrunninn. European Congress verður haldið 24.4.2027 á Ítalíu og það er enn hægt að tilnefna fulltrúa þar. Katrín er opin fyrir því að fara á þann fund.

2. Önnur mál

Það vantar fulltrúa í unglinganefnd. HÓP skoðar það með starfsfólki skrifstofu.

Ákveðið var að halda formannafund 9. nóvember.

Fundi slitið kl. 19.00 og næsti stjórnarfundur boðaður 21. október kl. 12.00